



Systkinaafsláttur af hádegismat í grunnskóla

1. Ef tvö systkini eða fleiri með lögheimili í Hafnarfirði eru á grunnskólaaldri veitir Hafnarfjarðarkaupstaður 25% afslátt af hádegismat fyrir annað systkini og 100% afslátt frá og með þriðja systkini í áskrift í grunnskólanum. Systkini eru nemendur sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá.
2. Ef um tvö systkini eða fleiri er að ræða þurfa öll eða a.m.k. tvö að vera skráð í hádegismat til að afsláttur sé veittur. Forsjáraðili/forráðamaður greiðir fullt gjald fyrir hádegisverð yngsta systkinis en veittur er 25% afsláttur fyrir annað systkini og 100% afsláttur ef systkini eru fleiri en tvö á grunnskólaaldri á sama tíma.
3. Sé fjölskyldumynstur annað og/eða systkini er í öðrum skólum en grunnskólum Hafnarfjarðar en kemur fram í 1. grein þarf að sækja sérstaklega um ~~niðurfellingu~~ afslátt á *Mínum síðum* á www.hafnarfjordur.is.
4. Ef að systkini sem eiga rétt á afslætti er í grunnskóla utan Hafnarfjarðar eða sjálfstætt reknum skóla í Hafnarfirði fær næsta systkini afslátt svo framarlega sem það er í grunnskóla í Hafnarfirði. Sé næst elsta systkini einnig í skóla utan Hafnarfjarðar eða sjálfstætt reknum skóla færist afslátturinn á þriðja elsta systkinið og áfram ef við á.
5. Afsláttur af hádegismat í grunnskóla miðast við gjaldskrá Hafnarfjarðarkaupstaðar og er ekki afturvirkur.

Samþykkt í fræðsluráði þann 19. desember 2028 og í bæjarstjórn þann 9. janúar 2019, með breytingum sem samþykktar voru í bæjarstjórn þann 8. desember 2021, með breytingum samþykktum í fræðsluráði þann 6. mars 2024 og í bæjarstjórn þann 13. mars 2024.